

**Reykjavíkurborg**  
**Skrifstofa þjónustu og reksturs**  
**Upplýsingatæknideild**

Reykjavík, 26. mars 2019  
R13080013

Innkauparáð Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14,  
105 Reykjavík

***Heimild til samningskaupa á sérfræðiþjónustu frá Microsoft***

Upplýsingadeild óskar eftir heimild innkauparáðs til samningskaupa á sérfræðiþjónustu frá Microsoft. Um er að ræða samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar sbr. b. lið 22. gr. innkaupareglna enda er Microsoft einkaleyfishafi á þjónustunni „Microsoft Unified Support Services“ og þar með eini aðilinn sem kemur til greina af tæknilegum ástæðum. Sambærileg heimild er til staðar í b lið, 39.gr. laga um opinber innkaup 120/2016.

Þetta yrði sjöunda framlengingin á Unified Support-samningi um kaup á þjónustu ráðgjafa frá Microsoft, í þetta sinn kaup á Unified Advanced Support. á sambærilegum kjörum og hingað til. Árleg upphæð er USD 115.000,- eða tæpar 14 mkr á ári. Samningstíminn er þrjú ár eða til 29.3.2022.

Umræddur samningur tryggir bætt rekstraröryggi Upplýsingatæknideildar á Microsoft lausnum og hefur marg sinnis lágmarkað rekstrartruflanir í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar. Samningurinn tryggir einnig aðgengi að sérfræðingum Microsoft með stuttum fyrirvara allan sólarhringinn allt árið um kring.

Innkaupadeild hefur áður veitt upplýsingatæknideild sambærilegar heimildir en leggur nú til að sótt verði um heimild innkauparáðs til frekari kaupa á sérfræðiþjónustu frá Microsoft.

F.h. upplýsingatæknideildar (UTD)



Tómas Guðmundsson, tæknistjóri